

Vegagerðin  
Suðurhrauni 3  
210 Reykjavík

Hafnarfjörður 1. apríl 2026  
Tilv. 2026-03-13-0491/2.3.1

Efni: Varðar efnistöku úr eyrum og farvegi Dragár í Skorradal (verk nr. 5000-40-16974)

Í umsókn sem barst Fiskistofu þann 12. mars síðastliðinn leitar Vegagerðin eftir heimild til allt að 5000m<sup>3</sup> efnistöku úr eyrum og úr farvegi Dragár í Skorradal af 12.000 m<sup>2</sup> svæði (Staður: 64.521704°, -21.538575°). Efnistökkunni yrði hagað þannig að farvegur yrði dýpkaður innan við 1m að meðaltali. Að efnistöku lokinni yrði farvegur jafnaður þannig að hann verði skálalaga og bakkar töluvert hærri en farvegur. Umsókninni fylgja upplýsingar um framkvæmdina, umsögn Hafrannsóknastofnunar varðandi möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríkið. Ekki er starfandi veiðifélag um Dragá en meðfylgjandi eru umsagnir viðkomandi landeigenda.

Fram kemur í umsögn Hafrannsóknastofnunar að fiskgengt svæði í Dragá sé stutt, engin veiðinýting sé stunduð í ánni og að ekki séu góð hrygningaskilyrði þar. Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða efnistöku í Dragá.

Landeigendur gera ekki athugasemdir við framkvæmdina.

Að teknu tilliti til umsagnar Hafrannsóknastofnunar og með vísan til 33. greinar laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði fellst Fiskistofa á að Vegagerðin allt að 5000 rúmmetra af efni úr eyrum og úr farvegi í Dragár í Skorradal (Staður: 64.521704°, -21.538575°) af 12000 fermetra svæði sem afmarkað er í umsókn. Efnistökkunni verði hagað þannig að farvegur verði dýpkaður innan við 1m að meðaltali. Að efnistöku lokinni verði farvegur jafnaður þannig að hann verði skálalaga og bakkar töluvert hærri en farvegur eins og umsókn gerir ráð fyrir. Fiskistofa leggur áherslu á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum. Heimildin gildir til 1.apríl 2027.

Almennar upplýsingar um leyfið eru birtar á upplýsingaveitunni Hafsjá (fiskistofa.is).

Fiskistofa vekur athygli á því að gjald er tekið fyrir leyfisveitingu vegna framkvæmda við ár og vötn (27.800 kr.) í samræmi við auglýsingu nr. 50/2025. Reikningur verður sendur í heimabanka.

*Fiskistofa bendir á eftirfarandi:*

- Uppfylla þarf lagaskilyrði gagnvart viðkomandi landeigendum áður en framkvæmd hefst.
- Framkvæmdir við veiðivötn kunna að vera háðar framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitafélags.
- Framkvæmdir innan friðlýstra svæða eru háðar leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Virðingarfyllst,  
F.h. Fiskistofu



Guðni Magnús Eiríksson  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

